

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2025, þriðjudaginn 25. nóvember kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1233. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafdís Anna Bragadóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Bakkastaðir 2 - USK25050075

Sótt er um leyfi til að innrétta skóla fyrir börn með fjölþættar fatlanir með því að endurskipuleggja og aðlaga kennslustofur og stuðningsrými og bæta aðgengi fyrir alla í Korpuskóla á lóð nr. 2 við Bakkastaði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 8. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 10. apríl 2025 og svör við athugasemdum dags. 7. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

2. Bankastræti 12 - USK24090313

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 12 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 7. júlí 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bankastræti 14 - USK25070261

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki II tegund f fyrir 40 manns í rými 0201 á 2. hæð í samþýlishúsi nr. 14, mhl.01, á lóð nr. 14 - 14A við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 25. apríl 2017.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

4. Bjarmaland 16 - USK25100361

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum kjallara og stigahúsi við austurgafi einbýlishúss við Bjarmaland 16, mhl.04 á lóð nr. 10-16 við Bjarmaland.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir bréf byggingarfulltrúa vegna erindis USK25090231 dags. 10. október 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 16. apríl 2019.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bolholt 9 - USK25100417

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059830 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt lítillega og brunavörnum og brunamerkingum er breytt, jafnframt er óskað eftir smávægilegum lóðabreytingum til að koma fyrir tröppum með fram húsinu við Bolholt 7-9, mhl.02 á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir bréf til byggingarfulltrúa dags. 19. september, greinargerð hönnuðar dags. 30. september og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 19. október 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Boðagrandi 9 – breytingaerindi - USK25110278

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050320 þannig að innra skipulagi er breytt í eldri hluta leikskólans á lóð nr. 9 við Boðagrandi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bárugata 3 - USK25060385

Sótt er um leyfi til að sameina fasteignir, breyta innra skipulagi, fjarlægja skorstein, síkka glugga á 1. hæð og gera hurð út á nýjar svalir með stiga niður í garð á suðurhlið og gera nýtt bílastæði meðfram austurhlið húss á lóð nr. 3 við Bárugötu.

Erindi fylgir "Yfirlýsing um sameiningu fasteigna dags. 22. október 2025 umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. ágúst 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 30. júní 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

8. Bíldshöfði 9 - USK25100143

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis og innrétta skrifstofur fyrir alls 11 sálfræðinga ásamt móttöku, biðstofu skjólstæðinga, snyrtingum og starfsmannaöstöðu í rými 0118 í verslunar- og lagerhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldahöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. mars 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Depluhólar 7 - USK25110053

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að grafið hefur verið út úr kjallara, gerðir gluggar og hurðir og innréttaðar sjö íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Depluhóla.

Stækkun: 207,8 ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Efstaland 26 - USK25020153

Sótt er um leyfi til að innrétta vistheimili barna á 3. hæð í Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar fylgir erindi.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

11. Efstaland 26 - USK25080265

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innrétta veitingastað í flokki II tegund e, kaffihús, fyrir alls ? gesti í rými 0101 og nuddstofu í rými 0105 á jarðhæð í verslunar- gisti- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 26 við Efstaland.

Erindi fylgir bréf til heilbrigðiseftirlitsins dags. 5. nóvember 2025, skýrsla Myrru hljóðstofu vegna hávaðadreifingar frá atvinnustarfsemi, dags.15. október 2025 hljóðstofa og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 20. janúar 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

12. Fannafold 176 - USK25100335

Sótt er um áðurgerða framkvæmd fyrir svalaskýli á lóð nr. 175 við Fannafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 22 október 1987 og gátlista vegna aðaluppdrátta

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Fiskislóð 53 - USK25100381

Sótt er um leyfi fyrir stækkun á verslunarhúsnæði (lyftuhús) og sameiningu mhl (01-03) í eina mhl (mhl01) á lóð nr. 53 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 14. september 2021.

Stærðir

Ferm. xx,x rúmm. xx,x

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Fossvogsblettur 2A - USK25110029

Sótt er um leyfi til að byggja leikskóla fyrir 150 nemendur auk sorps og hjólageymslu á lóð nr. 2a við Fossvogsblett. Stærð 2274,3 ferm og 8748,5 rúmm. Erindinu fylgir

hljóðvistargreining dags. 10. október 2025 og greinargerð brunavarna dags. 13. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Gerðuberg 3-5 - USK25090137

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð og innrétta frístundaheimili í vesturálm Gerðubergs á lóð nr. 3-5 við Gerðuberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og svör við athugasemdum dags. 29. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Granaskjól 18 - USK25060185

Sótt er um leyfi til að fjölga bílastæðum um eitt og byggja við lóðarmörk að lóð nr. 20, bílskúr, mhl.02, úr timbri, eingangraðan og klæddan utan með klæðningu í flokki 1 sem tilheyrir íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 18 við Granaskjól.

Stærð: 35.7 ferm., 121.5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa og lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 6, og 28. júlí 2025, mæliblað 1.515.6 dags. 2. nóvember 1954 og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 26. maí 1991.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 12 - USK25100249

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingasölu í flokki 1 tegund D, með 2-4 starfsmönnum og biðsvæði fyrir 5-20 viðskiptavinum í rými 0103 í verslunar- og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 12 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 28. ágúst 2007.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Hlaðbær 17 – breytingaerindi - USK25100181

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030335 sem snýr að breytingum á aðgengi að kjallara í húsi nr. 17 við Hlaðbæ. Erindinu fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 14. nóvember 2025 og yfirlit breytinga dags. 25. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hverafold 1-3 - USK24120169

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð sólbaðstofa í rými 0202, á 2. hæð í verslunar-og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. maí 2022 og greinargerð hönnuðar vegna beiðni um undanþágu frá algildri hönnun.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

20. Hverfisgata 96 - USK23040208

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059394 þannig að opnun hurða á salernum er breytt, ofni fyrir bakvinnslu, háf fyrir ofan ofn, viðvörunarstöð, fatahengi, ræstirými og gufuháf bætt við á veitingastað á lóð nr. 96 við Hverfisgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hálsasel 27 - USK25090374

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070222, með síðari breytingu USK2410012, þannig að innra skipulagi er breytt, bílastæði hreyfihamlaðra er færð og komið fyrir hliði að aðkomu að lóð nr. 27 við Hálsasel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 15. október 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Hólmgarður 24 - USK25020121

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050902 þannig að innra skipulagi íbúðar 0201 er breytt, fallið er byggingu viðbyggingar við suðurhlið en í stað þess settar svalir framan við kvist á suðurþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Hólmgarð.

Erindi fylgir uppfært samþykki lóðarhafa og eigenda lóðar nr. 22 við Hólmgarð dags. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. júlí 2016.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. Ingólfsstræti 1 - USK25090071

Sótt er um leyfi til að stækka 8 hæð og endurskipuleggja hæðina. Svalir sem snúa til suðurs aflagðar og svalir sem snúa til norður minnkaðar 8. hæð auk þess er sótt um breytingar á 1 hæð sem snúa að breytttri inngangshurð og ný flóttahurð, brunahönnun, aðgengi hreyfihamlaðra auk annarra innanhússbreytinga í húsi nr. 1 við Ingólfsstræti. Erindinu fylgir greinargerð brunavarna dags. 16. nóvember 2025 og yfirlit breytinga dags. 6. maí 2008.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

24. Kleppsvegur Kleppur - USK25100418

Sótt er um leyfi til byggja glerskála á austurhlið og til að innrétta lokaða réttargeðdeild á 1. hæð Kleppsspítala, mhl. 05 á lóðinni Kleppsvegur Kleppur.

Erindi fylgir brunahönnun frá COWI dags. 25. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

25. Klettagarðar 4 - USK25100164

Sótt er um leyfi til að skipta um olíuskilju bílaverkstæðis á lóð nr. 4 við Klettagarða.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Kornagarðar 2 - USK25080227

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi neðri hæðar og innrétta sem smávörulager-og vöruafhending og að auki bætti fjórum innkeyrsluhurðum, þremur á suðurhlið og einni á norðurhlið skrifstofuhúss á lóð nr. 2 við Kornagarða.

Erindi fylgir umboð eigenda dags. 30. september 2025 og greinagerð brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 20. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

27. Lambhagavegur 2-4 - USK25090183

Sótt er um breytingu á innra skipulagi vegna uppsetningu á pylsusölubás á lóð nr. 2-4 við Lambhagaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

28. Laugavegur 176 – breytingaerindi - USK25100268

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110213 þannig að 7. hæð er stækkuð til austurs, innra skipulagi er breytt og herbergjum fjölgað um sjö þannig að samtals verða 177 herbergi í hóteli á lóð nr. 176 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar með skýringum dags. 15. október 2025.

Stækkun: 301,4 ferm., 1.485,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Ljárdalur - USK25050015

Sótt er um byggingarleyfi vegna vélageymslu, í framhaldi af máli nr. 994 sem tekið var fyrir á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 19. desember 2024.

Ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið en gert var ráð fyrir að umsóknin yrði grenndarkynnt þegar byggingarleyfisumsókn bærist.

Umsókninni fylgir greinargerð hönnunarstjóra um verksvið hönnuða og samantekt á umsókn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Lundahólar 5 - USK24020163

Sótt er um leyfi til að byggja frístandandi hús, mhl. 02, og innrétta þar aukaíbúð við einbýlishús á lóð nr. 5 við Lundahóla.

Erindi fylgir afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 7. mars 2024 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Stækkun: 40 ferm., 132 rúmm.

Jafnframt eru erindi USK24020126 og USK24080132 dregin til baka.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

31. Nauthólsvegur 50 - USK25060415

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt lyftuhús, ný stigahús við norður- og vesturgafli, byggja svalir og verandir til vesturs og innrétta hjúkrunarheimili fyrir 87 íbúa í skrifstofuhúsi á lóð nr. 50 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Lotu dags. 1. júlí 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. maí 2025, minnisblað frá Mirru dags. 25. ágúst 2025, loftgæðamælingar frá Verkvisi dags. 1. júlí 2025, bréf til heilbrigðiseftirlits dags. 14. október 2025 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 195,5 ferm., 675,6 rúmm.

Eftir breytingar, mhl. 01: 20.188,4 ferm., 69.922,2 rúmm.

Mhl. 03: 150,4 ferm., 452,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

32. Neshamrar 8 - USK25030417

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu með bílgeymslu og tveimur herbergjum á norðausturhlið, breyta innra skipulagi í fyrrum bílgeymslu og innrétta þar herbergi, þvottahús og geymslu í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 8 við Neshamra.

Stækkun: 68,3 ferm., 172,1 rúmm.

Eftir breytingar: 285,7 ferm., 934,8 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

33. Norðlingabraut 4 - USK25040407

Sótt er um leyfi til þess að byggja svalagang úr timbri klæddum sléttri áklæðningu meðfram suðausturhlið 2. hæðar skóla- og iðnaðarhúss á lóð nr. 4 við Norðlingabraut.

Stækkun: 145.2 ferm., 582.1 rúmm.

Samskonar erindi BN056433 er fallið úr gildi og því er nú sótt um að nýju.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðalupdráttum samþykktum 12. apríl 2016.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. Rafstöðvarvegur 7 - USK25100096

Sótt er um leyfi til þess byggja sjö deilda 1.797.9 fermetra leikskóli fyrir 110 - 130 börn á lóð nr. 7 við Rafstöðvarveg.

Erindi fylgir Hæðarblað dags júní 2012, Mæliblað 4.252.6 dags. 9. febrúar 2016 greinargerð brunahönnuður dags. 14. nóvember 2025.

Stærðir:

Ferm. 1.797,9 rúmm. 6.510,8

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Selásbraut 98 - USK25090136

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta kaffihús, veitingastað í flokki II, tegund e fyrir 31 gest í rými 0103 í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 98 við Selásbraut.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

36. Skeiðarvogur 20 - USK25110250

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr við þrífýlishús á lóð nr. 20 við Skeiðarvog. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt. Stærð: 32,3 ferm., 96,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Skipholt 21 - USK25110165

Sótt er um leyfi til þess að stækka með því að bæta við einni hæð og innrétta sem gistiheimili í flokki II teg B með 20 tveggja manna herbergjum auk starfsmannaaðstöðu og stoðrymum í rýmum 0401 og 0501 í verslunar- og gistihúsi á lóð nr. 21 við Skipholt.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir deiliskipulagsuppdráttur fyrir Skipholtstreit auglýsi í B-deild Stjórnartíðinda 25. september 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 11. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Skútuvogur 4 - USK25050395

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, útliti og notkun iðnaðarhúss, mhl.02, í verslunar- og lagerhús á lóð nr. 4 við Skútuvog.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 26. maí 2025, greinargerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 19. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 11. október 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

39. Smáragata 12 - USK25070343

Sótt er um leyfi til að breyta kvistum, útitröppum og innra skipulagi í húsi nr. 12 við Smáragötu. Erindinu fylgir samþykki eiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

40. Suðurhólar 10 – breytingaerindi - USK25110311

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060256 vegna lokaúttektar þannig að minni háttar breytingar eru gerðar á snyrtingum og tækniþrymi í mhl. 02 á lóð nr. 10 við Suðurhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

41. Sæviðarsund 32 - USK25050342

Sótt er um leyfi til þess að stækka stofu með viðbyggingu til suðurs og stækka eldhús með því að minnka þvottahús og fjarlægja sorpgeymslu, einnig er sótt um að stækka eldhúsglugga á norðurhlíð raðhúss við Sæviðarsund 32, mhl.04, á lóð nr. 26-32 við Sæviðarsund.

Stækkun: 21.7 ferm., 170.1 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa vegna breytinga á framhlið dags. 7. júlí 2025, ódagsett samþykki meðlóðarhafa með vísan í aðalteikningar dags. 16. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 24. september 1964.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Tunguháls 19 - USK25090352

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu nuddstofu í suðausturhluta rýmis 0201 á 2. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 19 við Tunguháls.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Tunguvegur 14 - USK25090353

Sótt er um leyfi til að fjölga eignum með því að byggja nýja hæð og innréttu sem íbúð ofan á einbýlishús á lóð nr. 14 við Tunguveg.

Stækkun: xx.x ferm, xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og skýringarmyndir.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

44. Túngata 14 - USK25040251

Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi og innréttu snyrtingar í fyrrum geymslum á 1. hæð og í kjallara atvinnuhúss á lóð nr. 14 við Túngötu.

Stækkun: 37,3 ferm., 401 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Vatnsmýrarvegur 16 - USK24120225

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060046 þannig að innra skipulagi er breytt á öllum hæðum, göngubrú er færð, bætt við lyftu við austasta fyrirlestrarsal, breyta þakhalla og útliti Læknagarðs á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg.

Erindi fylgir brunahönnun frá Verkís dags. 1. apríl 2025, hljóðvistarhönnun frá Brekke Strand dags. 20. janúar 2025 og minnisblað með uppfærðum aðaluppdráttum dags. 31. október 2024 og yfirlit breytinga frá fyrri innlögn.

Breyttar stærðir:

Mhl. 01: 20.039 ferm., 86.340,5 rúmm.

Mhl. 02: 27,9 ferm., 106 rúmm.

Mhl. 03: 28,5 ferm., 72,7 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

46. Vesturbrún 22 - USK25050257

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ofan á bílskúr og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 22 við Vesturbrún.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Vesturbrún 20 og 24, frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025 og erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: 32,4 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

47. Vesturgata 10a - USK25080095

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýmis 0101 í verslun og rýmis 0201 í gistiíbúð í flokki II, í húsinu við Vesturgötu 10a, mhl.04, á lóðinni Vest.6-10a/Tryggv. 18.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. nóvember 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 2. júlí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 17. nóvember 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

48. Vesturgata 53 – breytingaerindi - USK25100226

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122965 á lóð nr. 53 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 14. nóvember 2023, umsögn MÍ dags. 11. ágúst 2025 og álit MÍ dags. 3. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Vitastígur 14 - USK25020373

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að opnun milli hæða og nýjum stiga, kjallaragólf lækkað, auk innanhússbreytinga í kjallara í húsi nr. 14 við Vitastíg. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Viðarrimi 25 - USK25100289

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu til vesturs, breyta innra skipulagi, síkka glugga og bæta við hurð á suðurhlið og setja nýjan glugga á norðurhlið einbýlishúss, mhl.04, við Viðarrimi 25 á lóð nr. 19-25 við Viðarrimi.

Stækkun: 22.4 ferm., 58.8 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 7. apríl 1993.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

51. Þverholt 18 - USK25080334

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059059 þannig að bætt er við tveimur hæðum og íbúðum fjölgað um ? í skrifstofu-og atvinnuhúsnæði (mhl.01) á lóðinni Þverholt 18.

Stækkun: 2.761.3 ferm., 7.927.5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Rauðarárstígs 31 dags. 28. september 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. nóvember 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:20

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson

Hafdís Anna Bragadóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir